



SAMNINGUR UM RAFRÆNA
ÚTGÁFU SKULDABRÉFA
HJÁ NASDAQ CSD SE, ÚTIBÚ Á ÍSLANDI.

Aðilar

NASDAQ CSD SE, útibú á Íslandi	Nafn útgefanda:
Kennitala: 510119-0370	Kennitala:
Í samningi þessum einnig nefnd NCSDI	Hér eftir nefndur útgefandi

Gera með sér svofelldan

ÚTGÁFUSAMNING

Almennt

1. gr.

Við undirritun samnings þessa öðlast útgefandi rétt til að fá skuldabréf gefin út í kerfi NCSDI að uppfylltum skilyrðum laga, reglugerða og reglna sem gilda um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Auðkenni, ISIN nr., fjöldi eininga og aðrar upplýsingar um útgáfuna er greint frá í útgáfulýsingu.

2. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að fara að samningi þessum, lögum, reglugerðum og reglum NASDAQ CSD SE, útibús á Íslandi. hf. sem gilda hverju sinni um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Skyldur Nasdaq CSD SE, útibús á Íslandi

3. gr.

NCSDI ábyrgist að upplýsingar um viðskipti með rafrén útgafanda séu í samræmi við þær skráningarfærslur sem reikningsstofnanir framkvæma innan kerfis NCSDI.

4. gr.

NCSDI er óheimilt að veita öðrum en útgefanda upplýsingar um eigendur skuldabréfanna, enda standi lög eða dómsúrskurður ekki til annars.

Skyldur útgefanda

5. gr.

Útgefandi ábyrgist að allar ákvarðanir um fyrirhugaða útgáfu og aðrar aðgerðir sem tengjast skuldabréfunum séu teknar samkvæmt gildandi lögum og samþykktum útgefanda.

Útgefandi ábyrgist að allar upplýsingar sem veittar eru NCSDI í útgáfulýsingu eða með öðrum hætti séu réttar.

Útgefandi skal senda NCSDI undirritaða útgáfulýsingu a.m.k. fimm virkum dögum fyrir útgáfu hvers flokks um sig.

Þá skuldbindur útgefandi sig til að senda NCSDI til viðbótar útgáfulýsingu, aðrar upplýsingar og/eða fylgigögn um útgáfuna eða útgefanda sem NCSDI telur nauðsynlegar.

Vanefndir útgefanda

6. gr.

Standi útgefandi ekki við samning þennan að einhverju eða öllu leyti eða uppfylli hann ekki lengur þau lög, reglugerðir eða reglur NCSDI sem um hann gilda, skal hann tilkynna það tafarlaust til NCSDI og greina frá ástæðum þess.

Breytingar á reglum NCSDI

7. gr.

NCSDI er heimilt að gera breytingar og viðbætur við reglur NCSDI sem verða bindandi fyrir útgefanda frá gildistöku þeirra.

Ákveði NCSDI að gera breytingar skv. 1. mgr. sem varða útgefanda sendir NCSDI honum tilkynningu þar um til umsagnar. Útgefandi getur skilað skriflegum athugasemdum til NCSDI eigi síðar en sjö virkum dögum frá því að tilkynning um breytingartillögu barst honum. Berist NCSDI ekki athugasemdir frá útgefanda innan frestsins lítur NCSDI svo á að útgefandi samþykki breytingarnar. NCSDI tekur afstöðu til athugasemda innan fjögurra vikna frá því að frestur til að skila athugasemdum um breytingartillögu rennur út.

NCSDI er þó heimilt að víkja frá fresti samkvæmt 2. mgr. og gera breytingar samkvæmt 1. mgr. án þess að leita umsagnar útgefanda telji hún það nauðsynlegt, enda hafi þær breytingar ekki áhrif á efnisatriði samnings þessa.

Trúnaðarupplýsingar

8. gr.

Upplýsingar sem samningsaðilar veita sín á milli, skulu fara með sem trúnaðarmál, nema annað leiði af lögum, reglum, dómsúrskurði eða eðli máls.

Uppsagnarákvæði

9. gr.

Samningsaðilum er heimilt að segja upp samningi þessum með sex mánaða fyrirvara eða fyrr ef aðilar eru um það sammála. Skilyrði fyrir uppsögn er að búið sé að gera ráðstafanir varðandi rafræna útgáfu þeirra verðbréfa sem samningurinn fjallar um.

Gjöld

10. gr.

Útgefandi hefur kynnt sér gjaldskrá NCSDI og greiðir gjöld samkvæmt henni hverju sinni. NCSDI er heimilt að breyta gjaldskrá með 3 mánaða fyrirvara.

Í sérstökum tilvikum getur NCSDI krafist gjalda af útgefanda vegna vinnu að hans beiðni sem ekki fellur undir almenna gjaldskrá. Í slíkum tilvikum eru gjöld samkvæmt tímagjaldi.

Ágreiningur

11. gr.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 7/2020 þar sem við á. Að öðrum kosti er unnt að skjóta ágreiningi til Héraðsdóms Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Samningur þessi er gerður í tveimur jafngildum eintökum.

Staður:

Dagsetning:

F.h. Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi:

F.h. útgefanda:

Undirskrift:

Undirskrift prókúruhafa:

Nafn í prentstöfum:

Nafn í prentstöfum: